

---

## Viðbót við minnisblað frá 11. nóvember 2020

Dagsetning: 12. nóvember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2010085

**Efni: Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis frá 11. nóvember 2020 er varðar skólahald vegna opinberra sóttvarnaaðgerða vegna COVID-19 frá og með 18. nóvember 2020.**

---

Með þessu minnisblaði vil ég bæta tillögum um skólahald við tillögur settar fram í minnisblaði frá 11. nóvember er snerta reglugerð um takmörkun á skólahaldi. Gert er ráð fyrir að reglugerðin taki gildi 18. nóvember n.k.

Ég legg til að í 1 mgr., 6 gr. reglugerðarinnar komi fram að leyfilegur hámarksfjöldi í rými verði 25 einstaklingar á öllum námsárum framhaldsskóla. Áfram skuli tveggja metra nálægðarmörk viðhöfð en þar sem það er ekki hægt verði skylt að nota andlitsgrímu.